

Alþingi
Erindi nr. P 140/181
komudagur 14.11.2011



Alþingi - Atvinnuveganefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

EfnaHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 3 150 Reykjavík
sími: 545 8800 bréfasími: 511 1161
postur@evr.is evr.is

Reykjavík 14. nóvember 2011
Tilv.: EVR11100079/0.3.3

Hér með er Atvinnuveganefnd Alþingis, send umsögn efnahags- og viðskiptaráðherra um tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi (þskj. 7 – 140. lþ. 7. mál).

Fyrir hönd ráðherra

Anna Borgþórsdóttir Olsen

Steindór Grétar Jónsson

1880
1881
1882



1883
1884
1885

1886
1887
1888

1889
1890

1891
1892

1893
1894

1895
1896

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi (þskj. 7 – 140. lþ. 7. mál)

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið fagnar framtaki nefndar um Alþingis um eflingu græna hagkerfisins og skýrslu nefndarinnar þar að lútandi.

Í nýrri efnahagsáætlun, sem samin var í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu í víðtæku samráði við önnur ráðuneyti, ríkisstofnanir og aðila vinnumarkaðarins, er fjallað um mikilvægi þess að til framtíðar byggji efnahagsleg velgengni á nýsköpun og skynsamlegri nýtingu auðlinda, sem leiði til sjálfbærs hagvaxtar. Þá er fjallað um mikilvægi þess að atvinnustarfsemi, byggð á fjárfestingum einkaaðila og opinberra aðila, dragi úr mengun og losun gróðurhúsalofttegunda, stuðli að bættri nýtingu orku og auðlinda og komi í veg fyrir hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og þjónustu vistkerfa. Loks er stuttlega nefnd til sögunnar skýrslan nefndar um eflingu græna hagkerfisins, sem nú er til umfjöllunar á Alþingi sem þingsályktunartillaga.

Samkvæmt samþykkt ríkisstjórnar skal efnahagsáætlun endurskoðuð á hálfis árs fresti og er stefnt að því að í fyrstu endurskoðun verði hugað sérstaklega að græna hagkerfinu. Fjallað verður um með hvaða hætti þau verkefni sem stuðla að grænum hagvexti verði fléttuð inn í efnahagsáætlun og hvar tækifæri Íslands liggja þegar kemur að tengslum umhverfisverndar og efnahagslífs. Skýrsla nefndar um eflingu græna hagkerfisins verður mikilvægt innlegg í þá vinnu.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið eða stofnanir þess bera ábyrgð að öllu leyti eða hluta á fimm tillögum sem fram koma í þingsályktunartillögunni. Ráðuneytið gerir engar athugasemdir við tillögurnar og telur að nái þær fram að ganga muni þær vera gott veganesti í frekari þróun græna hagkerfisins til framtíðar.

Tillögur sem tengjast EVR:

4. Atvinnugreinaflokkun og hagtölugerð Hagstofu Íslands verði endurskoðuð þannig að grænar atvinnugreinar og græn störf verði sýnilegri og auðvelt verði að kalla fram stöðu í einstökum skilgreindum vaxtargreinum.

Ábyrgð: Hagstofa Íslands.

Tímasetning: 2012

6. Framfarastuðull (GPI) fyrir Ísland verði reiknaður og birtur samhliða vergri landsframleiðslu (GDP).

Ábyrgð: Hagstofa Íslands.

Tímasetning: Frá og með 2013.

8. Öll ráðuneyti og ríkisstofnanir (A-hluta) innleiði vistvæn innkaup í samræmi við stefnu um vistvæn innkaup ríkisins.

Ábyrgð: Öll ráðuneyti.

Tímasetning: Fyrir árslok 2012.

14. Allar stofnanir ráðuneyta og öll fyrirtæki í eigu ríkisins birti ársskýrslur í samræmi við leiðbeiningar Global Reporting Initiative (GRI).

Ábyrgð: Ráðuneyti, stofnanir, ríkisfyrirtæki.

Tímasetning: 10% við skil ársskýrslu fyrir 2012. 50% við skil ársskýrslu fyrir 2013. 80% við skil ársskýrslu fyrir 2014.

15. Alþingi, öll ráðuneyti og allar stofnanir ráðuneyta taki upp markvisst umhverfisstarf til að bæta nýtingu og draga úr sóun og öðrum neikvæðum áhrifum á umhverfið, bæði beinum og óbeinum, með hliðsjón af staðlinum ISO 14001. Liður í þessu þarf að vera áttak í sjálfbærnimennt innan ríkisstofnana, með sérstakri áherslu á forystuhlutverk slíkra stofnana á sviði sjálfbærrar þróunar og með hliðsjón af markmiðum Áratugar Sameinuðu þjóðanna um menntun til sjálfbærrar þróunar.

Ábyrgð: Alþingi, ráðuneyti, stofnanir.

Tímasetning: 2012.